

FUNDARGERÐ

Árið 2020, þriðjudaginn 22. desember kl. 9:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Viðbótaframlög árið 2020 vegna rekstrarniðurstöðu 2019

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi þar sem lagðir voru fyrir útreikningar með 6 mismunandi útfærslum. Undanfarin ár hefur verið stuðst við rekstraruppgjör sveitarfélaga/þjónustusvæða við útreikning viðbótarframlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks. Með því hefur verið komið til móts við hallarekstur á þjónustusvæðum sem hefur verið nokkuð viðvarandi meðal flestra svæða frá því yfirfærslan átti sé stað árið 2011. Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins 2020 er gert ráð fyrir að viðbótarframlög á árinu geti numið allt að því 400 m.kr. Af þeim á eftir að ráðstafa 196,7 m.kr. þar sem þegar hafa komið til greiðslu framlög að fjárhæð 203,3 m.kr. vegna kostnaðar sem hefur beina tengingu við Covid-19.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að umfang hallareksturs ráði helmingi framlags og almennt skiptihlutfall svæða ráði helmingi, þó þannig að aðeins þau svæði sem reiknast í halla fá úthlutað og ekkert svæði fái hærri úthlutun per íbúa en það svæði þar sem hallinn er mestur per íbúa. Taldi meirihluti nefndarinnar ekki ráðlegt að miða eingöngu við umfang hallareksturs við ákvörðun framlagsins þar sem gagnaskil varðandi rekstrarkostnað svæða eru ekki samræmd og einnig vegna þeirra skilaboða sem það sendir. Nefndin samþykkti viðbótarframlag að fjárhæð 196.671.949 kr.

2. Viðbótarframlög úr Jöfnunarsjóði árið 2020

Framlög vegna fjárhagsaðstoðar

Erindið var tekið fyrir á síðasta fundi nefndarinnar en í ljósi þess að 2 sveitarfélög skiluðu inn nýjum gögnum voru nýir útreikningar lagðir fram.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að greiða til sveitarfélaga framlög vegna fjárhagsaðstoðar samtals 720.000.000 kr.

3. Fyrirkomulag funda á Covid tímum

Tekin var umræða um fyrirkomulag funda þar sem sumir nefndarmenn eru á fjarfundi en aðrir á staðnum. Bent var á að oft væri erfitt fyrir þá sem ekki væru á staðnum að fylgja umræðum. Tekin var sú ákvörðun að reyna eftir fremsta megni að hafa annað hvort alla á fjarfundi eða alla á staðnum (ef samkomutakmarkanir leyfa). Þó væri heimilt að gera undantekningar ef fundarmenn komast ekki á staðinn.

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar hefur þegar verið ákveðinn 29. janúar kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson